

15. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn . 27. maí 2019 á bæjarskrifstofu Fljótshéraðs Lyngási 12.

Fundurinn hófst kl. 14:00.

Á fundinn eru mættir, Björn Ingimarsson, Hannes Karl Hilmarsson, Anna Alexandersdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Elvar Snær Kristjánsson, Aðalheiður Borgþórsdóttir og Hildur Þórisdóttir. Þá einnig Róbert Ragnarsson og Páll Björgvin Guðmundsson ráðgjafar sem rituðu fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Uppbygging stjórnsskipulags.

Formaður samstarfsnefndar, Björn Ingimarsson fór yfir efni funda sem haldnir voru með Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga annars vegar og Skipulagsstofnun hins vegar um tillögu að framsali heimilda til heimastjórna í stjórnskipulagi sameinaðs sveitarfélags. Að þeirra mati rúmast hugmyndir samstarfsnefndar innan ramma sveitarstjórnarlaga og skipulagslaga. Bent var á þann möguleika að hafa aðkomu verkefna náttúrverndarnefnda í heimastjórnunum.

Almennar umræður um kjör til heimastjórna. Nefndin sammála um að miðað verði við að kjör heimastjórna byggji á sömu framkvæmd og við óhlutbundna kosningu.

3. Álit samstarfsnefndar og tillaga að stöðumati og greiningu.

Róbert og Páll Björgvin fóru yfir stöðumat og greiningu sem lýsir núverandi stöðu sveitarfélaganna og forsendum sameinaðs sveitarfélags.

Samstarfsnefnd gerði smávægilegar athugasemdir við framsetningu gagna en ekki efnislegar. Verkefnisstjórum var falið að útbúa skjalið til lokaútgáfu, en skjalið fylgir skilabréfi og álitni samstarfsnefndar til sveitarstjórna.

Lögð var fram tillaga að skilabréfi og álitni samstarfsnefndar skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Þá var lögð fram fyrirmynd að kjörseðli og tillaga að auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Samstarfsnefndin samþykkir einróma fyrirliggjandi tillögu að álitni og vísar því til tveggja umræðna í sveitarstjórnunum fjórum, án atkvæðagreiðslu. Fylgiskjal með skilabréfi og álitni er skýrslan Sveitarfélagið Austurland-stöðumat og forsendur sameiningar.

4. Fundir samstarfsnefndar

Næsti fundur fer fram 2. júlí á Egilsstöðum kl. 14-17.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17.20.